



Svalbarðskirkja

Sunnudagur 21. janúar kl. 11.00 - Sunnudagaskóli í Svalbarðskirkju

Kirkjuskóli

Að loknum hefðbundnum skólatíma verður kirkjuskóli bæði í boði fyrir yngsta stig og miðstig á vorönn. Fyrsti kirkjuskólinn verður miðvikudaginn 24. janúar og svo alltaf á miðvikudögum á tveggja vikna fresti. Yngsta stig er kl. 13.00 og miðstig kl. 14.00. Farið verður í leiki, sagðar uppbyggilegar sögur, horft á skemmtilega þætti á video o.fl. Gott og lifandi samfélag.

Fræðslusamverur fyrir fermingarbörn á vorönn:

26. janúar kl. 17-20 í Grenivíkurkirkju

23. febrúar kl. 17-20 í Þorgeirskirkju við Ljósavatn

9. mars kl. 17-20 í Laufáskirkju

Fjáröflun unglिंगadeildar Valsárskóla

Kirkland WC-pappír: 40 rúllur á 5.000 kr.

Klósettpappír: 48 WC-rúllur 7.000 kr og 24 rúllur 3.500 kr.

Eldhúspappír: 15 rúllur 3.800 kr. og 5 rúllur 1.300 kr.

Gæðapappír sem er keyrður heim að dyrum. Til að panta pappír má hafa samband við Fjólu Þórhallsdóttur Smáratúni 1, sem tekur við pöntunum í síma 892-0773.

Næstu rusladagar

18. janúar - Græna tunnan

25. janúar - Gráa / brúna tunnan

8. febrúar - Gráa / brúna tunnan

15. febrúar - Græna tunnan



ÞORRABLÓT

ÞAÐ STYTTIST GOTT FÓLK!

Kæru sveitungar, verið velkomin á þorrablót **LAUGARDAGINN**
3. FEBRÚAR 2018 í Valsárskóla.

HÚSIÐ ÖPNAR 19.30 og **BORÐHALD HEFST** klukkan 20.30

HLÓMSVEITIN Einn og sjötfú mun spila undir dansi
og mun **KJARNAFÆÐI** enn eitt árið bjóða upp á kræsingar.

MIÐAVERÐ er 4.000 kr.



RÚTUFERÐ um sveitina og til Akureyrar verður frá Valsárskóla eftir blótið.

Hægt er að **PANTA MIÐA** til og með 28. janúar á netfanginu
blot@svabardsstrond.is, á hreppsskrifstofunni í síma 464-5500
og í síma: 844 8393 (**ANNA LOUISE**) og 893 4915 (**SÖLLA**).

Miðarnir verða **AFHENTIR** á skrifstofu hreppsins, þriðjudaginn 30. janúar
og miðvikudaginn 31. janúar frá kl. 19-21. Ósóttir miðar verða afhentir
á skrifstofutíma eftir miðvikudag ef þarf. Hægt er að **LEGGJA INN** á reikning
þorrablótisins **0162-26-75098 kt. 681088-3939** og **SENDA KVITTUN** á ofangreint
netfang eða borga með beinhörðum peningum þegar þeir eru sóttir.
Við viljum **vekja athygli** á því að það að leggja inn jafngildir **ekki** pöntun,
senda þarf póst eða hringja til þess að panta miða.

SJÁUMST ELDRHRESS!

NEFNDIN



Ströndungur kemur næst út fimmtudaginn 15. febrúar.

Skilafrestur er til kl. 15:00 þriðjudaginn 13. febrúar.